

**FYLGISKJAL NR. 1019**

**DAGS 22.10.2002**

**SAMANTEKT:**

68. fundur skipulags- og bygginganefndar (Haraldur Sverrisson, Erlendur Fjelsted, Pétur Fenger, Eyjólfur Árni Rafnsson, Ólafur Gunnarsson – Auk þess sátu Ásbjörn Þorvarðarson, byggingafulltrúi og Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur fundinn).

Á þessum fundi gerir Ólafur Gunnarsson athugasemd við bókun 7. málsliðar 66. fundar skipulags- og byggingarnefndar vegna Hamrafells, Hjallabrekku og Hulduhóla. Telur að þeim aðilum sem úthlutað er lóðunum greiði allan kostnað við deiliskipulagið.

Að öðru leiti voru önnur mál þessa fundar tekin á dagskrá.

Skipulags- og byggingarnefnd, fundur nr. 68  
Dags. 22. Október 2002

**68. fundur  
skipulags- og byggingarnefndar  
var haldinn í fundarsalnum  
á 4. hæð að Þverholti 2, miðvikudaginn  
22. október 2002 kl. 7.30.**

15

Mættir voru: Haraldur Sverrisson, Erlendur Fjeldsted, Pétur Fenger, Eyjólfur Á þess sátu Ásbjörn Þorvarðarson, byggingarfulltrúi og Tryggvi Jónsson, bæjarve Fundargerð skráði: Tryggvi Jónsson.

JK

Dagskrá fundarins:

Ólafur Gunnarson gerir athugasemd við bókun 7. máls, 66. fundar skipulags- og byggingarnefndar, vegna Hamrafells, Hjallabrekku og Hulduhólar og telur rétt að þeim aðilum sem úthlutað er lóðunum greiði allan kostnað við deiliskipulagið.

1. mál: Deiliskipulag Kirkjumós.

Athugasemdafrestur er liðinn. Engin athugasemd barst.

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt og send Skipulagsstofnun í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

2. mál: Sumarhúsið Höfði í Skammadal.

Erindi frá Guðmundi Lárussyni, dags. 29.08.2002. Framhaldsumræða. Fyrir liggur greinagerð Þórunnar Guðmundsdóttur hrl, dags. 03. október 2002.

Frestað til næsta fundar.

3. mál: Deiliskipulag frístundahúsalanda við Krókatjörn.

Erindi frá Einar Ingimarssyni, dags. 20.09.2002. Framhaldsumræða. Fyrir liggur svar Skipulagsstofnunar vegna fyrirspurnar bæjarverkfræðings.

Nefndin hafnar erindinu í ljósi umsagnar Skipulagsstofnunar, þar sem ný hús koma til með að vera of nærri vatninu en skipulagsreglugerð heimilar, auk þess sem stærð húsa er ekki í samræmi við vinnureglu skipulags- og byggingarnefndar, sem er 60 m<sup>2</sup> auk 10 m<sup>2</sup> geymslu.

4.mál: Erindi frá Gesti Ólafssyni, skipulagsfræðingi, dags. 02.08.2002.

Framhaldsumræða.

Nefndin þakkar fyrir erindið en hafnar þátttöku í því.

5. mál: Erindi frá íbúum við Bjarkarholt, dags. 02.10.2002, þar sem óskað er eftir aðgerðum til að takmarka hraðaakstur og framúrakstur.

Bæjarstjórn hefur samþykkt að í byrjun næsta árs verði unnið umferðarskipulag fyrir Mosfellsbæ þar sem sérstaklega verður skoðað með aðgerðir vegna hraðaaksturs og gönguþveranir. Nefndin fellst á og leggur til við bæjarstjórn að framúrakstur á Bjarkarholti verði bannaður, þar sem um miðbæjargötu er að ræða önnur atriði beiðnarinnar verði vísað til ofangreindrar úttektar.

6. mál: Upplýsingartæki til hraðamælinga.

Borist hefur fyrirspurn hvort Mosfellsbær hafi áhuga á kaupum á upplýsingartæki til hraðamælinga.

Nefndin er jákvæð fyrir erindinu og felur bæjarverkfræðingi að fylgjast nánar með framvindu málsins og leggja fyrir nefndina þegar fyrir liggja nánari upplýsingar um kostnað.

7. mál: Bugðutangi 23- breyting á notkun húsnæðis.

Framhaldsumræða. Eyjólfur Árni Rafnsson vék af fundi. Bæjarverkfræðingur og byggingarfulltrúi kynntu erindið. Erindinu er frestað til frekari upplýsingaöflunar.

8. mál: Deiliskipulag lands sunnan Vesturlandsvegar og vestan Hafravatsvegar.

Gylfi Guðjónsson, skipulagsarkitekt kynnti forsendur skipulagsvinnunar, dags. 14.10.2002.

Nefndin samþykkir forsendur skipulagsins nema að lágmarksnýtingarhlutfall athafnalóða verði lækkað í 0,3 og nýting lóðarinnar verði ekki einskorðuð við framhaldsskóla. Jafnframt samþykkir nefndin heimild til að stækka skipulagssvæðið til suðurs.

9. mál: Tvöföldun Vesturlandsvegar.

Bæjarverkfræðingur kynnti stöðu málsins.

10. mál: Erindi frá Mjöll Einarsdóttur, dags. 10.10.2002, um niðurrif og endurbyggingu á nýju sumarhúsi á nýjum stað.

Svæðið er frístundarsvæði samkvæmt gildandi aðalskipulagi og tillögu að aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024.

Frestað.

11. mál: Erindi frá Ívari Ómari Atlasyni, dags. 07.10.2002, þar sem óskað er heimildar til að leggja aðkomuveg að sumarhúsi við Hafravatn.

Sumarhúsið er á svæði sem ekki er ætlað fyrir frístundarbyggð.

Frestað.

12. mál: Umsókn frá Jónasi Þ. Þórisyni, Bjargartanga 15, dags. 10.10.2002, þar sem óskað er heimildar til að byggja yfir hluta af bílastæði.

Frestað.

13. mál: Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa.

Lagt fram til kynningar

14. mál: Önnur mál.

Fleira ekki gert, fundi slitið 8.50.